

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í Skaftárhreppi

1. gr.

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Skaftárhreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts og holræsagjalds.

2. gr.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir fyrir árið 2019:

Einstaklingar			Hjón / sambýlisfólk		
Tekjur	Kr.	Afsláttur	Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	4.437.508	100%	Allt að	5.916.678	100%
Allt að	4.930.566	75%	Allt að	6.532.998	75%
Allt að	5.423.620	50%	Allt að	7.149.318	50%
Allt að	6.163.205	25%	Allt að	7.888.905	25%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2017, sbr. álagningu skattstjóra 2018 og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2019. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

3. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega á eftirlifandi maki rétt á afslætti samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á afslætti fer fram vélrænt í álagningarkerfi Landskrár fasteigna með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra.

5. gr.

Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með því ári sem þeir ná 67 ára aldri.

Örorkulífeyrisþegar yngri en 67 ára, sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr., skulu leggja fram gild örorkukort sem Tryggingarstofnun ríkisins gefur út sé þess óskað. Réttur til lækkunar fellur niður ef kortið rennur út.

6. gr.

Telji fasteignaeigendur sig eiga rétt á afslætti m.v. þessar reglur og hafi tekjur þeirra lækkað milli ára geta þeir óskað eftir endurreikningi miðað við tekjur ársins 2018 samkvæmt staðfestu skattframtali þegar það liggur fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 9. janúar 2012 og taka þegar gildi.

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri
Launavísitala, grunnur 1989; Launavísitala des. 2018 670,7 stig.